

VS Leikja - og spilaval

Kennarar: Sara Gísladóttir

8, 9

Lýsing

Valgrein í leikjum og spilum.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Kennslan byggir á því að nemendur kynnist fjölbreyttum borðspilum, spilum og samvinnu- og hreyfileikjum. Lögð er áhersla á að uppgötva gleðina sem felst í leik og spilun án tölvutækni, hjálfa félagsfærni og auka samvinnu. Nemendur prófa ný spil, læra reglur, ræða aðferðir og fá tækifæri til að búa til eigið spil eða breyta reglum til að prófa nýjar nálganir. Unnið er bæði í litlum hópum og með stærri bekkjarhópnum. Kennarinn stýrir innlögnum og leiðbeiningum en gefur rými fyrir sjálfstæða og skapandi leikjavinnu.

Námsaðlögun

Verkefni eru sveigjanleg og hægt að aðlagja þau að áhuga og getu hvers og eins.

Námsmat

Matið er byggt á símatinu og leiðsagnarmati. Lögð er áhersla á:

- Virka þátttöku og jákvæð samskipti í spilum og leikjum.
- Skilning á reglum og getu til að fylgja þeim.
- Samvinnu, sanngirni og virðingu í leik.
- Frumkvæði og sköpun í því að þróa nýjar reglur eða hanna eigið spil. Nemendur fá reglulega endurgjöf frá kennara og jafningjum og taka þátt í sjálfsmati.

VS Leikja - og spilaval

- Hæfnieinkunn
- Getur tjáð reglur, leiðbeint öðrum og tekið þátt í umræðum á skýran og uppbyggilegan hátt.
- Getur lært nýja leiki og spil.
- Getur lesið, skilið og nýtt texta (t.d. reglubækur) í samhengi.
- Getur sýnt ábyrgð í miðlun og samstarfi, hvort sem það er á pappír eða stafrænt.
- Getur tekið þátt í leikjum sem byggja á samvinnu, tjáningu og samskiptum.
- Getur þróað leikgleði, hlutverkaskipan og samskipti í hópum.